

## Fundargerð

2. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-fundarsal ÍSí þriðjudaginn 17. apríl 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Eiríkur Mörk Valsson, Gunnar Svavarsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ. Í síma Björg Ágústsdóttir og Þórunn Erlingsdóttir.

Formaður setti fund klukkan 16:00 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 1. fundar staðfest milli funda. Staðfest fyrsta úthlutun úr Afrekssjóði FRÍ vegna 2018, sem afgreidd var rafræn milli funda.

### 2. Skipulag stjórnar og nefnda

Formaður fór yfir glærusett sem sent hafði verið út fyrir fundinn, þar sem kynntar voru tillögur um hlutverkaskipan stjórnar FRÍ og skipan nefnda. Tillagan um hlutverkaskipan stjórnar var samþykkt, Fjóla Signý varaformaður, Guðlaug gjaldkeri, Gunnar ritari og Kári Steinn meðstjórnandi. Tillögur um skipan tengiliða stjórnarmanna við nefndir samþykkt, verður sett á heimasíðu. Tillögur um nefndarskipan samþykkt, en nær fullskipað er í allar nefndir. Nefndarskipan verður sett á heimasíðu. Ákveðið að halda nefndardag fyrir nefndir sem eru nær alfarið með nýjum aðilum, nefndir sem þekkja vel til halda áfram sínum kröftugu störfum. Ákveðið að fá reglulega fulltrúa nefnda inn á stjórnarfundi með kynningar og til að taka þátt í umræðu um afmörkuð verkefni.

### 3. Vinnulag og vinnuaðferðir

Formaður ræddi möguleika á að nota hugbúnaðinn Trello til samskipta. Almennt rætt um samskiptahugbúnað, notkun á tölvupósti, lokuðum spjallsvæðum og fleiri möguleikum. Rætt um opið fyrir alla og hvað ætti að setja niður á skriflegan hátt og hvað ekki. Ákveðið að setja niður starfsreglur stjórnar og nefnda. Gott verkefni á starfsdegi stjórnar.

### 4. Forsetaverkefnið

Formaður fór yfir stöðu verkefnisins og samanburð við erlendar fyrirmyndir. Ákveðið að halda áfram með verkefnið ef það kæmu að því stuðnings- og styrktaraðilar.

### 5. Þjóðarleikvangur í Laugardal

Erindi, svarbréf, hafði borist frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðherra þar sem fram kom að ráðherra tekur undir að skipaður verði starfshópur til að fara yfir aðstöðumál frjálsra íþróttar. Erindi FRÍ frá því í byrjun febrúar um mikilvægi þess að skipa slíkan starfshóp hafði áður verið tekið fyrir í borgarráði þar sem borgarráð lýsti yfir stuðningi við óskir FRÍ um tilvist þjóðarleikvangs í Laugardal.

Stjórn FRÍ samþykkti eftirfarandi ályktun „*Fyrir liggur að vilji og áhugi er hjá mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju D. Alfreðsdóttur, borgarstjóra, Degi B. Eggertssyni og borgarráði á að skipa starfshóp til að fara yfir aðstöðumál frjálsra íþróttar í ljósi hugsanlegrar uppbyggingar Laugardalsvallar fyrir knattspyrnu. Stjórn*

*Frjálsíþróttasambands Íslands fagnar væntanlegri skipan starfshópsins sem settur verður á laggirnar til undirbúnings þessa mikilvæga verkefnis. Stjórn FRÍ mun taka heilshugar þátt í starfshópnum sem ráðherra mun á næstunni skipa með aðilum frá Reykjavíkurborg, ÍSÍ, FRÍ og ráðuneytinu til þess að fara yfir málið og gera tillögu um áframhald þess. Stjórn FRÍ ítrekar mikilvægi þess að leita þurfi leiða til uppbyggingar þjóðarleikvangs á alþjóða mælikvarða fyrir frjálsíþróttir í Laugardal í samræmi við reglugerð um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum.*

*Frjálsíþróttasamband Íslands fagnar allri umræðu um framtíð þjóðarleikvangs fyrir íþróttir í Laugardal. Gleðiefni er að sjá fram á tímabæra aðkomu ríkisvaldsins og um leið Reykjavíkurborgar að þjóðarleikvangi í nokkrum af höfuðíþróttum okkar Íslendinga. Laugardalsvöllur er nú heimavöllur Íslands í frjálsíþróttum, alþjóðlegur keppnisvöllur, sem og í knattspyrnu. Ljóst er að samtal um framtíð þjóðarleikvangs, sem uppfyllir alþjóðlegar keppniskröfur, fyrir frjálsíþróttir í Laugardal þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið með breytingar á Laugardalsvelli. Frjálsíþróttasamband Íslands er ávallt reiðubúið í slíkt samtal og skorast ekki undan lausnamiðuðum viðræðum öllum íþróttum á Íslandi til heilla“.*

## **6. Önnur mál**

- Engin önnur mál.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.17:30.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*